

Alþingi  
Erindi nr. D 138/2718  
komudagur 4.6.2010

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Nefndarsvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2010

**Efni: Framhaldsumsógn Félags atvinnurekenda um frumvarp til samkeppnislaga (aukið aðhald og eftirlit), 572. mál.**

## I. Almenn

Vísað er til fundar háttvirtar viðskiptanefndar þann 3. júní 2010 þar sem Félag atvinnurekenda lagði fram ákveðnar breytingar á frumvarpi til samkeppnislaga (aukið aðhald og eftirlit), 572. mál.

Félag atvinnurekenda telur að umrætt frumvarp sé til mikilla bóta. Félagið telur að með því sé stigið mikilvægt skref í að bæta íslenska samkeppnislöggjöf. Hins vegar telur félagið að gera megi ákveðnar breytingar með því markmiði að gera frumvarpið markvissara. Félagið vill því koma á framfæri nokkrum hugmyndum.

## II. Hugmyndir

### Skýrara tilefni

Heimildir til að grípa til þeirra aðgerða sem lagðar eru til í frumvarpinu eru háðar því að til staðar séu *aðstæður eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt raskar samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.*

Það má velta því upp hvort að betur megi skýra forsendur þess að grípa megi til ráðstafna þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu. Með gildistöku The Enterprise Act 2002 voru í Bretlandi innleiddar víðtækar heimildir samkeppnisyfivalda til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum á markaði sem raska samkeppni, þrátt fyrir að ekki hafi verið brotið gegn þarlandum samkeppnislögum. Heimildir samkeppnisyfivalda í Bretlandi hafa tryggt virka samkeppni á mörkuðum, þar sem samkeppni hefur verið raskað, neytendum til hagsbóta. Í þeim lögum eru forsendur fyrir beitingu slíkra ákvæði efnisminni en það sem lagt er til í

frumvarpinu. Skýrist það af því að erfitt er að lýsa með tæmandi hætti þeim aðstæðum sem ætlunin er að bregðast við.

Félag atvinnurekenda telur hins vegar að rétt sé að gera smávægilegar breytingar á forsendum þess að umræddum úrræðum laganna sé beitt. Samkvæmt 72. gr. Stjórnarskrár Íslands má engan skylda til að láta eign sína af hendi nema almenningsþörf krefji. Almennigur hefur mikla hagsmuni af virkri samkeppni. Á þeim grundvelli telur Félag atvinnurekenda rétt að skilyrði um almannahagsmuni komi skýrt fram í ákvæði 1. mgr. 16. gr. Leggur félagið því til að umræddu ákvæði verði breytt á eftirfarandi hátt:

*„aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni almennigl til tjóns. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt raskar samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.“*

Með þessum hætti myndast samhljómur milli ákvæðisins og 72. gr. Stjórnarskrár Íslands. Umrædd breyting er auk þess í samræmi við þau markmið samkeppnislaga að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

Umrætt orðalag hefur ennfremur þann kost að tjón almennings er lagt til grundvallar með skýrum hætti. Það þýðir jafnframt að ekki verður horft framhjá mögulegum ávinningi neytenda af stærðarhagkvæmni í rekstri, sem oft einkennir fyrirtæki í fákeppnisrekstri. Í slíkum tilvikum og í ákvörðun um úrræði þeim tengt þyrftu yfirvöld að horfa bæði á hag neytenda af stórum rekstrareiningum sem og því tjóni sem neytendur kunna að hafa af athöfnum eða athafnaleysi rekstraraðila á slíkum markaði.

## Skýrari heimildir

Skýra þarf frekar hvaða aðgerðum Samkeppniseftirlitinu er heimilt að beita gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni. Í viðauka við breska samkeppnislöggjöf eru taldar upp þær heimildir sem samkeppnisyfirvöldum er heimilt að beita til að tryggja virka samkeppni.<sup>1</sup> Þar er að finna skýra heimild til þess að skipta upp fyrirtækjum, hvort sem er með sölu hlutabréfa eða eigna. Með hliðsjón af framkvæmd breskra samkeppnislaga leggur Félag atvinnurekenda til að við ákvæði 2. másl. 2. mgr. 16. gr. bætist útlitun á þeim úrræðum sem samkeppnisyfirvöld geta beitt. Ákvæðið yrði því svohljóðandi:

*„Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. mgr. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að mæla fyrir um uppskiptingu fyrirtækja, sölu eignarhluta eða sölu annarra eigna.“*

Með þessari breytingu verður það skýrt hvaða úrræðum Samkeppniseftirlitinu er heimilt að beita til að efla samkeppni.

<sup>1</sup> Úrræði samkeppnisyfirvalda í Bretlandi er að finna í 13. gr. í Schedule 8 með The Enterprise Act 2002.

## Aukin/skýrari réttarvernd

Við beitingu úrræða skv. 1. mgr. 16. gr. skal gæta meðalhófs. Samkeppniseftirlitinu er ekki heimilt að ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að efla samkeppni. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru skal samkeppniseftirlitið einnig leitast við að hæsta endurgjald fáið fyrir eignir þess aðila sem ákvörðun beinist að. Á þeim grundvelli leggur Félag atvinnurekenda til eftirfarandi breytingar:

### **-Meðalhóf og endurgjald**

Í 2. mgr. 16. gr. kemur fram um skiptingu:

*„Þó er einungis heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hiutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi.“*

Umrætt ákvæði er nokkuð almennt orðað og illa skilyrt. Það tiltekur t.a.m. ekki að hið árangursríka úrræði þurfi að vera raunhæft eða að það þurfi að ná sömu markmiðum og skipting félags. Í ljósi markmiða frumvarpsins og þeirrar grundvallar breytingar sem verið er að gera á heimildum til að skipta upp fyrirtækjum telur Félag atvinnurekenda rétt að skerpa á umræddu ákvæði. Með það fyrir sjónum að raunmarkmið ákvæðisins er að kveða á um að meðalhófs sé gætt við uppskiptingu fyrirtækja telur Félag atvinnurekenda rétt að það komi skýrt fram með beinum orðum. Leggur félagið því til að umrætt ákvæði verði fellt burt og í stað þess komi:

*„Við beitingu úrræða skal gæta meðalhófs og skal Samkeppniseftirlitið leitast við að standa þannig að beitingu úrræða að þeir aðilar sem ákvörðun beinist að fái sem mest endurgjald fyrir eignir sínar eða lágmarka tjón þeirra með öðrum hætti.“*


Með þessari breytingu verður það skýrt að umræddum úrræðum verður einungis beitt þegar annað vægara úrræði sem nær sömu lögmætu markmiðum er ekki til staðar. Auk þess skuli aldrei fara strangar í sakirnar en nauðsyn krefur. Hér er notast við þekkt og viðtekin hugtök sem er til þess fallið að auka á skýrleika ákvæðisins. Þessi breyting samræmist einnig 72. gr. Stjórnarskrár Íslands þar sem Samkeppniseftirlitið skal sjá til þess að hæsta endurgjald fáið fyrir eignir þess sem aðgerðir beinast að.

**III. Annað**

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda